

## Sjálfbærnistefna

### 1. Tilgangur og umfang

Sjálfbærnistefna félagsins tekur til allrar starfsemi félagsins og starfsfólk jafnt sem stjórn skal virða hana í öllum störfum sínum. Starfsemi félagsins á sviði sjálfbærni byggir á stefnu Isavia og uppfyllir laga- og reglugerðakröfur.

### 2. Stefna og markmið

Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem við gerum.

#### Loftslagsmál

- Við erum orðin kolefnislaus árið 2030 og viðhöldum því.
- Við náum árangri með samstarfi, virkri vöktun á umhverfispáttum, orkuskiptum og kolefnisjöfnun eftir þörfum.
- Við gerum okkur grein fyrir áhættu vegna loftslagsbreytinga og bregðumst við henni.

#### Auðlindanýting

- Við leggjum okkur fram um að vernda umhverfið og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi okkar
- Við leggjum áherslu á sjálfbær innkaup, góða nýtingu auðlinda, endurnýtingu, endurvinnslu og stuðlum þannig að hringrásarhagkerfi.
- Við byggjum upp innviði á sjálfbæran hátt og lágmarkum umhverfisáhrif af framkvæmdum og rekstri til framtíðar.

#### Lífsgæði

- Við erum til fyrirmyndar í sjálfbærni á Íslandi
- Við sýnum frumkvæði að því að auka sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu
- Við vinnum markvisst með nærsamfélaginu með gagnkvæmri virðingu að leiðarljósi
- Við leggjum áherslu á gagnkvæma miðlun upplýsinga, þekkingar og reynslu

#### Virðissköpun

- Við byggjum upp sjálfbæran rekstur með því að skapa langtíma virðisauka og leggja þannig okkar að mörkum til hagkerfisins í heild
- Við tökum ákvarðanir af ábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi
- Við vinnum að frampróun og stöðugum umbótum í sjálfbærni

### **3. Annað**

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef félagsins. Stefna þessi er í gildi og bera framkvæmdastjórar ábyrgð á framfylgd hennar. Samþykkt af forstjóra Isavia hinn 18. október 2021.